



# Máttur kvenna

## Nám fyrir konur

Máttur kvenna er 11 vikna nám fyrir konur sem vilja öðlast þekkingu og færni í rekstri fyrirtækja. Kennsla fer fram í fjarnámi og geta nemendur því hlustað á fyrirlestra á netinu og unnið verkefnið hvenær sem þeim hentar. Fyrirlestrar eru 4-5 í hverju námskeiði og eru birtir á fjarnámsvef skólans samkvæmt kennsluáætlun hvers námskeiðs. Þar að auki eru kennslustundir á vinnulotum þar sem lögð verður áhersla á hópavinnu nemenda. Vinnuhelgi er í upphafi og um miðbik námsins en því lýkur svo með formlegri útskrift.



## Með nýju sniði

Máttur kvenna er nú skipulagt með nýju sniði. Nýnæmið felst fyrst og fremst í því að nú verður enn meiri áhersla lögð á hagnýtingu námsins, auk þess sem vinsæl námskeið eins framsækni og tjáningu með Sirrý og fræðsla um nýsköpun og frumkvöðla munu fá aukið vægi. Jafnframt verða ný fög kennd eins og stofnun fyrirtækja og rekstrarform. Þá hefur einnig verið bætt við vinnuhelgi um miðbik námsins.

## Skólagjöld og forkröfur

Engar sérstakar forkröfur eru gerðar varðandi fyrra nám. Þátttökugjald er kr. 149.000. Innifalið í verðinu eru öll námsgögn og tvær vinnuhelgar með gistingu og fæði. Námið veitir ekki einingar.

### Námskeið kennd á vinnuhelgi

Námstækni  
Nýsköpun og frumkvöðlar  
Skapandi stjórnun  
Framsækni og tjáning

### Námskeið

Upplýsingatækni  
Fjármál og bókhald  
Stofnun fyrirtækja og rekstrarform  
Markaðsáætlanir og sala

